

**Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals 15. nóvember 2021: Fyrirspurn íbúaráðs
Grafarholts og Úlfarsárdals um skólahúsnæði í hverfinu. SFS22020050**

Íbúðaráðið óskar eftir upplýsingum um stefnu í skólamálum hverfisins. Skólahúsnæði Dalskóla sem tekið var í notkun að fullu árið 2019 gerir ráð fyrir allt að 45 nemendum í hverri skólastofu í grunnskólahluta skólans, en í dag eru 8 árgangar komnir að þolmörkum og tveir af þeim eru með yfir 50 nemendum. Samkvæmt áætlun um nemendafjölda miðað við uppbyggingu hverfis er gert ráð fyrir um 31% fjölgun nemenda til ársins 2027. Samkvæmt skólastjórnendum hafa verið viðraðar margskonar hugmyndir en óljóst hvert lokaniðurstaðan eigi að vera. Íbúasamtökin óska því eftir upplýsingum um hvert skuli stefna og leggja áherslu á að ákvarðanir séu teknar með víðtæku samráði íbúa og skólastjóra. Þar sem mikil uppbygging á sér stað í hverfinu um þessar mundir og nemendafjöldi jafnvel að fara fram úr nýlegum áætlunum er lögð áhersla á mikilvægi þess að þetta mál sé tekið til skoðunar hið fyrsta.